

## REGLUR um gjaldeyrismál.

### 1. gr.

#### *Markmið.*

Markmið reglna þessara er að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast til og frá landinu sem valda að mati Seðlabanka Íslands alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

### 2. gr.

#### *Fjármagnshreyfingar.*

Í reglum þessum merkir fjármagnshreyfing á milli landa yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa og yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli innlendra og erlendra aðila.

Allar fjármagnshreyfingar samkvæmt 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í lögum nr. 87/1992, á milli landa í erlendum gjaldeyri, eru óheimilar nema um sé að ræða greiðslu vegna kaupa á vöru eða þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga sem sérstaklega eru undanþegar í reglum þessum. Jafnframt er einstaklingi, sem er erlendur aðili, heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri fyrir allt að jafnvirði 3.000.000 kr. á almanaksárinu, ef sýnt er fram á að notkun fjárins sé vegna eigin framfærslu.

Allar fjármagnshreyfingar samkvæmt 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í lögum nr. 87/1992, á milli landa í innlendum gjaldeyri, eru óheimilar. Undanþegar banni 1. másl. þessarar málsgreinar eru fjármagnshreyfingar:

1. sem sérstaklega eru undanþegar í reglum þessum og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálfyrirtæki hér á landi,
2. vegna vöru- og þjónustuviðskipta, önnur en þau sem falla undir 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis II í lögum nr. 87/1992, og greiðsla fer fram í reiðufé eða með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálfyrirtæki hér á landi,
3. vegna fasteignaviðskipta hér á landi og viðskipta með fjármálagerninga sem útgefnir eru í innlendum gjaldeyri, og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálfyrirtæki hér á landi,
4. vegna greiðslu á kröfum úr þrotabúi og greiðslu sammingskrafna samkvæmt nauðasamningi sbr. lög nr. 21/1991 og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálfyrirtæki hér á landi.

### 3. gr.

#### *Gjaldeyrisviðskipti.*

Gjaldeyrisviðskipti á milli innlendra og erlendra aðila þar sem innlendir gjaldeyrir er hluti af viðskiptunum eru óheimil.

Innlendum aðila er óheimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi, þegar greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri, nema hann sýni fram á að notkun fjárins sé vegna vöru- og þjónustuviðskipta eða vegna fjármagnshreyfinga samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 11. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. er erlendum aðila heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi vegna fjármagnshreyfinga samkvæmt 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. Þá er einstaklingi, sem er erlendur aðili, heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi, þar sem hann er með viðskipti sín, vegna fjármagnshreyfinga fyrir allt að jafnvirði 3.000.000 kr. á almanaksárinu ef sýnt er fram á að notkun fjárins sé vegna eigin framfærslu. Jafnframt er erlendum aðila heimilt að kaupa innlendan gjaldeyri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi.

Einstaklingur, sem er innlendir aðili, hefur heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi, þar sem hann er með viðskipti sín, fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að notkun fjárins sé vegna ferðalaga erlendis. Þá hefur einstaklingur, sem er erlendur aðili og staddur hér á landi tímabundið vegna ferðalaga, heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi, fyrir allt að jafnvirði

350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að notkun fjárins sé vegna ferðalaga erlendis.

Fjármálafyrirtæki hér á landi getur sótt um undanþágu frá 4. mgr., sem heimilar útibúi fjármálafyrirtækisins sé heimilt að selja einstaklingi, sem er innlendir aðili en ekki með viðskipti sín hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki, erlendan gjaldeyri fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að notkun fjárins sé vegna ferðalaga erlendis. Listi verður birtur á vefsíðu Seðlabanka Íslands yfir þá aðila sem fá undanþágu á þessum grundvelli.

4. gr.

*Úttektir af reikningum í erlendum gjaldeyri í reiðufé.*

Innlendum aðila er heimilt að taka út af erlendum gjaldeyrisreikningi hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að notkun fjárins sé vegna ferðalaga erlendis.

Óheimilt er að flytja út erlendan gjaldeyri í reiðufé umfram jafnvirði 350.000 kr. hjá hverjum aðila í hverjum almanaksmánuði.

5. gr.

*Fjárfesting og viðskipti með fjármálagerninga.*

Fjárfesting í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum eða öðrum framseljanlegum fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri er óheimil. Þó er aðilum sem fjárfest hafa í slíkum fjármálagerningum fyrir 28. nóvember 2008 heimilt að endurfjárfesta. Nú eru fjármunir sem losna við sölu eða uppgreiðslu, eða falla til vegna arð- og vaxtagreiðslna, nýttir í heild eða að hluta til að fjárfesta aftur í hvers konar erlendri fjárfestingu innan tveggja vikna og telst það þá endurfjárfesting í skilningi 2. másl.

Söluandvirði vegna viðskipta með fjármálagerning samkvæmt 1. mgr. útgefinn í innlendum gjaldeyri milli innlendra og erlendra aðila og gerð eru upp héraendis skal leggja inn á reikning viðkomandi seljanda í fjármálafyrirtæki hér á landi.

Uppgjör viðskipta í erlendum gjaldeyri með fjármálagerninga samkvæmt 1. mgr. útgefnum í innlendum gjaldeyri er óheimilt.

Óheimilt er að gefa út og/eða selja fjármálagerninga samkvæmt 1. mgr. þar sem uppgjör fer fram í öðrum gjaldeyri en útgáfan og innlendir gjaldeyri er einn af gjaldmiðlum uppgjors. Hafi útgáfa farið fram í innlendum gjaldeyri er skylt að leggja andvirði sölu inn á reikning í innlendum gjaldeyri á nafni útgefanda í fjármálafyrirtæki hér á landi.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fyrirframgreiðslu af fjármálagerningum samkvæmt 1. mgr. eru óheimilar.

6. gr.

*Fjárfesting í öðrum eignum.*

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fjárfestingar í peningakröfum í erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum kröfuréttindum sem ekki falla undir 5. gr. reglna þessara, eru óheimilar.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fasteignaviðskipta erlendis eru óheimilar nema að sýnt sé fram á að viðskiptin séu gerð vegna búferlaflutninga aðila.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fjárfestingar í öðrum eignum í erlendum gjaldeyri, þ.m.t. hrávöru, farartækjum og vinnuvélum, sem eru hvorki eðlilegur þáttur í atvinnustarfsemi aðila né ætluð til innflutnings fyrir framleiðslu hans, eru óheimilar.

7. gr.

*Lántökur og lánveitingar.*

Lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila í öðrum tilvikum en vegna viðskipta á milli landa með vöru og þjónustu eru óheimilar, nema slíkar lántökur og lánveitingar séu milli félaga innan sömu samstæðu.

Þrátt fyrir 1. mgr. skulu lántökur og lánveitingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði, vera heimilar:

1. lán hvers aðila sé eigi hærra en sem nemur 10.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í gjaldeyri á almanaksárinu,
2. lánstími sé eigi skemmri en eitt ár,
3. gjaldeyrisyfírfærslur vegna lánsins séu í samræmi við ákvæði 12. gr. reglna þessara,
4. lánasamningar, þ.m.t. allir viðaukar og fylgiskjöl, séu sendir til þess fjármálafyrirtækis sem annast um fjármagnshreyfingar, innan einnar viku frá undirskrift slíkra samninga.

Óheimilt er að fyrirframgreiða lánveitingar og lántökur milli innlendra og erlendra aðila.

Óheimilt er að endurgreiða lán milli innlendra og erlendra aðila með innlendum gjaldeyri ef lánveitingin fór fram í erlendum gjaldeyri. Óheimilt er að endurgreiða lán milli innlendra og erlendra aðila með erlendum gjaldeyri ef lánveitingin fór fram í innlendum gjaldeyri.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir að lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila séu framlengdar, að því gefnu að aðrir skilmálar gildi að sama leyti og áður.

#### 8. gr.

##### *Ábyrgðir.*

Óheimilt er að ganga í eða takast á hendur ábyrgð á greiðslum á milli innlendra og erlendra aðila.

Ákvæði þessarar greinar gilda hvorki um ábyrgðir vegna vöru- og þjónustuviðskipta né um ábyrgðir milli félaga innan samstæðu.

#### 9. gr.

##### *Afleiðuviðskipti.*

Óheimilt er að eiga afleiðuviðskipti þar sem innlendir gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, hvort sem um er að ræða gjaldeyris- eða verðbréfasamning eða sambland gjaldeyris og verðbréfasamnings eða sambærilegra fjármálagerninga.

Afleiðuviðskipti sem eingöngu eru vegna vöru- og þjónustuviðskipta falla ekki undir þetta ákvæði.

#### 10. gr.

##### *Vextir, verðbætur, arður og afborganir.*

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu á vöxtum, verðbótum, arði og samningsbundnum afborgunum eru undanþegnar reglum þessum sbr. 2. mgr. og 1. tölul. 3. mgr. 2. gr. og 2. mgr. og 3. mgr. 3. gr.

Með vöxtum samkvæmt 1. mgr. er aðeins átt við vexti af innstæðum í innlendum fjármála-fyrirtækjum og áfallna vexti af skuldabréfum sem útgefin eru af innlendum aðilum.

Við útreikning á vöxtum samkvæmt 1. mgr., vegna skuldabréfa sem safna vöxtum daglega, skulu vextir reiknast í hlutfalli við þann tíma sem aðili hefur átt bréfið. Vexti af eingreiðslubréfum með forvöxtum, t.d. af ríkisvixlum, skal reikna sem mun á milli útgáfuverðs (kaupverðs á útgáfudegi) og nafnverðs. Vextir eingreiðslubréfa falla jafnt (línulega) yfir líftíma bréfsins.

Með verðbótum í skilningi 1. mgr. er átt við verðbætur á vöxtum og höfuðstólsgreiðslum.

Arður er fellur til við lækkun hlutafjár, samkvæmt 4. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, telst ekki arður í skilningi 1. mgr.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslna samkvæmt ákvæði þessu verða að hafa átt sér stað innan sex mánaða frá því þær komust eða gátu komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans.

#### 11. gr.

##### *Ýmsar fjármagnshreyfingar.*

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna gjafa innlendra aðila til einstaklinga og styrkja til góðgerðarsamtaka eða hliðstæðra aðila og aðrar sambærilegar hreyfingar fjármagns á milli landa, umfram 3.000.000 kr. á almanaksárinu eru óheimilar.

Laun sem erlendur aðili hefur aflað héraðsliðna sex mánuði eru undanþegin reglum þessum sbr. 2. mgr. og 1. tölul. 3. mgr. 2. gr. Þá skulu gjaldeyrisviðskipti vegna slíkra fjármagnshreyfinga ekki takmarkast af 1. mgr. 3. gr. Það sama á við um laun innlands aðila sem búsettur er erlendis vegna starfs eða náms.

## 12. gr.

*Skilaskylda á erlendum gjaldeyri.*

Öllum erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar eignast, þ.m.t. fyrir seldar vörur og þjónustu, skal skilað til fjármálafyrirtækis hér á landi innan tveggja vikna frá því að gjaldeyriinn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Takist skilaskylda ekki innan ofangreinds frests skal skýringum komið á framfæri við fjármálafyrirtæki. Skilaskylda samkvæmt 1. másl. er uppfyllt þegar erlendur gjaldeyri er varðveittur á gjaldeyrisreikningi hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

Skilaskylda nær ekki til innlendra aðila sem hafa búsetu erlendis vegna starfs eða náms.

## 13. gr.

*Nýfjárfesting.*

Frá og með gildistöku reglna þessara skal innlend nýfjárfesting vera ótakmörkuð.

Nýfjárfesting í skilningi þessa ákvæðis er fjárfesting sem gerð er eftir 31. október 2009 fyrir nýtt innstreymi erlends gjaldeyris, sem skipt er í innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Afleiðusamningar teljast ekki til nýfjárfestingar. Innstæður á erlendum gjaldeyrisreikningum í innlendum fjármálafyrirtækjum, sem urðu til fyrir gildistöku reglna þessara, og tekjur vegna útflutningsviðskipta teljast ekki til nýs innstreymis erlends gjaldeyris.

Gjaldeyrisviðskipti, þegar nýju innstreymi erlends gjaldeyris er skipt í innlendan gjaldeyri í samræmi við 2. mgr., falla ekki undir 1. mgr. 3. gr.

Fjárfestir skal, með aðstoð fjármálafyrirtækis hér á landi, tilkynna um nýfjárfestingu til Seðlabanka Íslands, innan tveggja vikna frá því að nýju innstreymi erlends gjaldeyris er skipt í innlendan gjaldeyri. Slíkri tilkynningu skulu fylgja gögn sem sýna fram á að um nýfjárfestingu í skilningi þessa ákvæðis sé að ræða.

Að fenginni staðfestingu Seðlabankans um að fjármunir hafi losnað við sölu á nýfjárfestingu skulu slíkir fjármunir ekki falla undir takmarkanir samkvæmt 2. gr. og 3. gr.

## 14. gr.

*Undanþágur.*

Seðlabanki Íslands og ríkissjóður eru undanþegnir reglum þessum.

Eftirfarandi aðilar skulu undanþegnir reglum þessum að undanskildum 3. mgr. 2. gr., 3. gr. og 9. gr.:

1. innlendir aðilar sem eru aðilar að fjárfestingarsamningi við íslenska ríkið,
2. innlendir aðilar sem starfa samkvæmt leyfi iðnaðarráðherra til olíuleitar samkvæmt lögum nr. 13/2001.

Eftirfarandi aðilar eru undanþegnir 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og ákvæðum 7.-8. gr. reglna þessara:

1. fyrirtæki í meirihluta eigu ríkissjóðs, sem starfa samkvæmt sérlögum,
2. sveitarfélög og fyrirtæki í meirihluta eigu sveitarfélaga, sem starfa samkvæmt sérlögum.

Lögaðili, sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við ráðum yfir með því að skipa skilanevnd eða bráðabirgðastjórn yfir því, og lögaðili, sem héraðsdómari hefur skipað slitastjórn samkvæmt lögum nr. 161/2002, eru undanþegnir 2. mgr. 2. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 7.-8. gr. og 12. gr. reglna þessara.

Fyrirtæki, sem hafa yfir 80% af tekjum og 80% af gjöldum erlendis, geta fengið undanþágu frá 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 7.-8. gr. og 12. gr. reglna þessara. Þau fyrirtæki sem telja sig uppfylla skilyrði 1. másl. skulu senda umsókn til Seðlabanka Íslands og sýna fram á að þau uppfylli skilyrðin ásamt staðfestingu löggilts endurskoðanda. Listi verður birtur á vefsíðu Seðlabanka Íslands yfir þá aðila sem fá undanþágu á þessum grundvelli. Fyrirtæki sem fá undanþágu samkvæmt þessari málsgrein skulu þegar 12 mánuðir eru liðnir frá staðfestingu Seðlabankans um undanþágu sýna fram

á að þau uppfylli ennþá skilyrði þessarar málsgreinar ásamt staðfestingu löggilts endurskoðanda þar um. Skal slík staðfesting berast Seðlabankanum á 12 mánaða fresti eftir það. Komi í ljós að fyrirtæki uppfyllir ekki ennþá skilyrði þessarar málsgreinar verður undanþágan felld úr gildi.

Fyrirtæki sem veitt var undanþága samkvæmt 3. mgr. 14. gr. reglna nr. 1130/2008 skulu njóta undanþágu samkvæmt 5. mgr. frá 31. október 2009.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrirtæki, sem starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, aðrir en lögaðilar sem falla undir 4. mgr., hafa heimild til að eiga gjaldeyrisviðskipti sín á milli með beinum viðskiptum (e. spot), framvirkum samningum (e. forward) og skiptasamningum (e. swap). Einnig eru viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrirtæki undanþegin ákvæðum 7. gr., 8. gr. og 12. gr. reglna þessara. Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánaþyrirtækjum er heimilt að taka á móti peningamarkaðsinnlánum í innlendum gjaldeyri frá erlendum aðilum, í samræmi við heimildir þeirra samkvæmt lögum nr. 161/2002.

15. gr.

*Leiðbeiningar og umsóknir um undanþágur.*

Ákvæði 7. gr. laga nr. 87/1992 gilda um heimildir Seðlabanka Íslands til að veita undanþágur frá reglum þessum.

Umsókn um undanþágu samkvæmt reglum þessum skal berast Seðlabankanum bréflaga ásamt gögnum er málið varða.

Seðlabankinn getur sett nánari leiðbeiningar um framkvæmd reglna þessara.

16. gr.

*Viðurlög*

Brot gegn ákvæðum þessara reglna varða stjórnvaldssektum og refsingum samkvæmt 15. gr. a – 15. gr. d., 16. gr., 16. gr. a. og 16. gr. b. laga nr. 87/1992 með síðari breytingum.

17. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 87/1992, með síðari breytingum og öðlast gildi 30. apríl 2010. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 880/2009 um gjaldeyrisráð. Reglur þessar skulu endurskoðaðar innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Reykjavík, 29. apríl 2010.

*Seðlabanki Íslands,*

**Már Guðmundsson**  
seðlabankastjóri.

**Arnór Sighvatsson**  
aðstoðarseðlabankastjóri.